



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2011
Tilvísun: 201102-0043

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um að marka heildstæða stefnu um nýtingu metans og taki höndum saman við hagsmunaaðila um rannsóknir, fjármögnun og framvindu hagfella kosta við metanframleiðslu.

Tillagan er í samræmi við áherslur ASÍ um mikilvægi þess að reyna að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda.

ASÍ hefur tekið þátt í að móta sameiginlega afstöðu hinnar norrænu verkalýðshreyfingar í loftslagsmálum. Þar er kallað eftir víðtæku hnattrænu samkomulagi um aðgerðir til að sporna gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Lögð er áhersla á þríhliða samvinnu ríkisvalds og aðila vinnumarkaðar. Þá er talið mikilvægt að jafnræðissjónarmiða sé gætt þannig að kostnaði vegna aðgerða til að sporna við loftslagsbreytingum sé skipt með réttlátum hætti í samfélaginu.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að tillagan sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1495
komudagur 25. 2. 2011



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 23. febrúar 2011


Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, þskj. 282 – 251. mál.

BSRB fagnar tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, enda fellur hún að áherslum bandalagsins í umhverfismálum. Metanframleiðsla ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og BSRB telur mikilvægt að allar auðlindir séu sameign þjóðarinnar og þær beri að nýta í þágu alla.

BSRB telur mikilvægt að einstaklingar hugi að endurskoðun á neysluvenjum sínum og verðmætamati og tillagan um metanframleiðslu fellur að því. Því stærri sem hlutur innlendra orkugjafa verður í samskiptum því minna verður efnahagskerfið háð verðsveiflum á mörkuðum ytra og stöðu gengismála hverju sinni.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Alþingi
Erindi nr. P 139/1991
komudagur 8.4.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

06.04.2011
Mál: 98.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu,
þskj. 282 - 251. mál

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, þskj. 282-251. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.


Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 139/1713
komudagur 15.3.2011



LANDVERND

Nefndasvið Alþingis
b.t. Iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. mars 2011


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Landvernd hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu. Samtökin hafa um árábil mælt með að framleiðsla og notkun metans sem orkugjafa hérlendis verði aukin, ekki síst í samgöngum, og fagna því tillögunni.

Notkun metans hefur mun minni mengun í för með sér en notkun jarðefnaeldsneytis og aukin notkun þess er liður í að ná markmiðum Íslendinga um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar stjórnvalda í loftslagsmálum. Aukin notkun innlands eldsneytis á borð við metan er auk þess gjaldeyrissparandi og ætti að hafa margvísleg jákvæð efnahagsleg áhrif. Landvernd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni og mælir með að hún verði samþykkt.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Landverndar,

Björgólfur Thorsteinsson
formaður Landverndar



Alþingi
Erindi nr. E 139/1752
komudagur 17.3.2011

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvið@althingi.is
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Reykjavík 17.mars 2011

VARÐAR: UMSÖGN UM ÞINGSÁLYKTUN UM METANFRAMLEIÐSLU, 251. MÁL

Ósk um umsögn frá Metan hf. barst í tölvupósti dags. 22. febrúar 2011 frá nefndarsviði Alþingis að beiðni iðnaðarnefndar. Skilafrestur fékkst framlengdur til föstudagsins 18. mars, skv. tölvuskeyti þann 15. mars. Um er að ræða umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Tillaga sú að þingsályktun sem hér um ræðir er mikið þjóðþrifaverkefni að mati umsagnaraðila. Metan¹ hf. hefur allt frá árinu 1999 unnið að þróun, markaðssetningu og kynningu á tækifærum þjóðarinnar til að framleiða og nýta íslenskt metaneldsneyti í samgöngum eða í öðrum tilgangi þar sem skipt væri út jarðefnaeldsneytis fyrir alíslenskt umhverfisvænt eldsneyti. Aukin metanframleiðsla í landinu lítur að kerfisbreytingum á því hvernig fólk og varningur verður fluttur í landinu á þessari öld. Hér er því um stórt verkefni að ræða sem kallar á góðan undirbúning, skýra verkferla og skilvirka aðkomu sveitarfélaganna, ríkisins, einkaaðila og almennings svo kerfisbreytingin verði eins hagfeld og kostur er. Til mikils að vinna fyrir samfélagið, umhverfið og komandi kynslóðir.

Eftirspurn eftir íslensku metaneldsneyti stóreykst.

Milli áranna 2009 og 2010 jókst notkun á íslensku metani á ökutæki um 31% og þróun síðustu mánaða bendir til þess að notkunin muni hátt í tvöfaldist milli áranna 2010 og 2011. Samhliða hefur fjölgun ökutækja sem nýtt geta metaneldsneyti í akstri margfaldast og útlit fyrir að í árslok 2011 nýti hátt í 1.000 ökutæki íslenskt metaneldsneyti í akstri. Búast má við að fjölgunin verði enn meiri á komandi árum, sérstaklega í ljósi verðlagningar og þeirra hvatningaraðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til. Fjölgun ökutækja á árinu 2010 má að stærstum hluta rekja til aukningar í uppfærslu (breytingu) á hefðbundnum bensínbílum í metan/bensínbíla en fjöldi nýrra innfluttra og verksmiðjuframleiddra metan/bensínbíla jókst einnig á árinu 2010. Í árslok 2010 voru um 260 ökutæki, af ýmsum stærðum og gerðum í landinu sem nýttu metaneldsneyti í akstri.

Aukin framleiðsla á íslensku metani

Þökk sé árangursríku og þrotlausu frumkvöðlastarfi eigenda Metan hf., hefur framboð á íslensku metani verið tryggt á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin 10 ár og því verið unnt að anna þeirri aukningu í eftirspurn sem orðið hefur á síðustu misserum. Fyrirsjáanlegt þykir að allt það íslenska metan² sem framleitt er í landinu að óbreyttu, verði fullnýtt innan fárra ára. Fyrirsjáanlega verður því eftirspurn eftir öllu því íslenska metani sem unnt verður að framleiða í landinu á

¹ Metan hf. er dótturfyrirtæki SORPU bs, Orkuveitu Reykjavíkur, N1 og REI

² Það metan sem framleitt er í dag á Íslandi (mars 2011) er allt framleitt af SORPU á urðunastað höfuðborgarbúa á Álfsnesi



komandi árum. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og til mikils að vinna að hefja sem allra fyrst undirbúning og framkvæmdir við byggingu gasgerðarstöðva sem víðast, á höfuðborgarsvæðinu, í Eyjafirði og á öðrum svæðum í landinu þar sem aðstæður eru heppilegar.

Metaneldsneyti er í dag framleitt með söfnun og hreinsun á hauggasi frá urðunarstað höfuðborgarbúa á Álfsnesi og áform uppi um metanframleiðslu úr hauggasi frá Glerárhaugum í Eyjafirði og á urðunarstaðnum í Kirkjuferjuhjáleigu við Selfoss svo dæmi sé tekið. Framleiðslugeta á metaneldsneyti takmarkast þó engan veginn við söfnun á hauggasi á urðunarstöðum enda alkunna að um allan heim að unnt er að framleiða metaneldsneyti í verksmiðjum með gerjun á lífrænu efni hvort heldur um er að ræða lífrænan úrgang frá heimilum, fyrirtækjum, landbúnaði, sjávarútvegi og seyru eða með ræktun lífmassa á landi eða sjó svo nokkuð sé nefnt. Stórar sem smærri framleiðslueiningar eru starfræktar með góðum árangri um allan heim. Hér á landi skortir hins vegar á að yfirvöld hafi skoðað til hlítar þá möguleika sem m.a. felast í ræktun lífmassa, hvort sem er á landi eða í sjó, sem nýst gæti við framleiðslu á metani.

Framleiðsla á metani er einn bútur í orkukerfisskiptum en áður en framleitt metan getur orðið að eldsneyti þarf að hreinsa metanið og koma því á markað. Þennan hluta er nauðsynlegt að skoða mjög vel enda dýrasti hluti framleiðslukeðjunnar.

Framboð ökutækja sem nýtt geta íslenskt metaneldsneyti.

Flestir bílaframleiðendur heims framleiða í dag ökutæki sem nýtt geta metaneldsneyti í akstri. Framboð slíkra ökutækja eykst ár frá ári í takt við aukna eftirspurn um allan heim eftir ökutækjum með s.k. tvíbrennivél (metan/bensín, e. bi-fuel) eða tvíorkuvél (metan/dísil, e. dual-fuel) auk ökutækja sem ganga alfarið fyrir metaneldsneyti. Einnig horfa margi til þess að tvinn-og tengiltvinnbílar (metan/rafmagn, e. hybrid CNG/EV) muni fjölga mjög á næstu árum, enda bílaframleiðendur að gera tilraunir með slíkar samsetningar. Í árslok 2010 voru yfir 13 milljónir ökutækja í heiminum sem nýttu metaneldsneyti í akstri og áætluð aukning mikil næstu árin. Allar gerðir og tegundir ökutækja sem ganga fyrir jarðgasi geta nýtt íslenskt metaneldsneyti og því ljóst að framboð ökutækja til nýtingar á íslensku metani er mikið af öllum stærðum og gerðum. Fastlega má búast við að framboð ökutækja sem nýta metan aukist á næstu árum.

Eins og að ofan greindi geta ökutæki sem nýta jarðgas (e. natural gas) einnig gengið fyrir umhverfisvænu íslensku metaneldsneyti enda um sömu efnasameind að ræða (metan, CH₄) hvort heldur sameindin er fengin úr jarðgasi eða umhverfisvænu íslensku metani (CH₄) sem myndast við gerjun á lífrænu efni á yfirborði jarðar í dag. Það íslenska metaneldsneyti sem framleitt er í dag, er í hæsta gæðaflokki með allt að 98% hreinleika.

Vitundarvakning um íslenskt metaneldsneyti, hvatar og áhrif.

Hækkandi bensínverði og nýleg ívilnun stjórnvalda í formi niðurfellingar á vörugjaldi, allt að 100.000 kr, eftir uppfærslu á ökutæki, hefur aukið eftirspurnina eftir uppfærslu ökutækja. Þá hefur einnig ráðið miklu um aukna eftirspurn, að traust almennings hefur aukist um að stjórnvöld hafi ekki í hyggju að leggja auknar álögur á íslenskt metaneldsneyti á næstu misserum og jafnvel árum.

Aukning í uppfærslu ökutækja hefur leitt til fjölgunar starfa á bílgreinasviði. Þrjú fyrirtæki hafa þegar kynnt þjónustu sína og hjá þeim eru biðlistar eftir uppfærslu. Vitað er um þrjú önnur fyrirtæki sem eru langt kominn í undirbúningi sínum og bílélavirkjum sem kunna til verka fjölga hratt. Borgarholtsskóli, að frumkvæði Metan hf., hefur boðið nemendum á bílgreinasviði upp á námskeið um breytingar og uppfærslur á bílum og viðhald á metankerfum ökutækja frá árinu 2006. Nýlega hóf Borgarholtsskóli samstarf við Iðuna um endurmenntun bílélavirkja á þessu sviði og er þegar búið að halda eitt námskeið. Komust færri að en vildu og þegar farið að undirbúa næsta námskeið. Iðnmenntuðu fólki á þessu sviði sem kann til verka mun því fjölga á næstu árum.



Nýverið tilkynnti Reykjavíkurborg áform um að fjölga metanstrætisvögnum úr tveimur, sem verið hafa í notkun í 6 ár, í 17 á komandi árum. Einnig hefur áhugi fyrirtækja aukist fyrir því að nýta íslenskt metan til að knýja vöruflutningabíla. Í dag nýtir einn stór vöruflutningabíll íslenskt metan í biand við dísilolíu í daglegum akstri milli Reykjavíkur og Akureyrar og áform eru uppi um uppfærslu á fleiri vöruflutningabílum á þessu ári. Þá má nefna að áhugi hefur aukist mjög á því að nýta metan í stað jarðefnaeldsneytis í iðnaði. Fjölmargar fyrirspurnir berast fyrirtækinu vikulega um mögulega notkun á metani aðra en ökutækjaeldsneyti. Vonari standa til að innan fárra missera muni dagróðrabátur sigli úr vör hér á landi búinn búnaði til að nýta íslenskt metaneldsneyti við veiðar.

Lokaorð.

Orkukerfisþróun í samgöngum heimsins eru drifin áfram af þeirri brýnu hnattrænu þörf að stemma stigu við hlýnunarhrifum í lofthjúpi jarðar. Til þess að svo megi verða þarf að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna frá m.a. samgöngum. Umhverfisvitun í samfélagi okkar hefur aukist mikið og skilningur aukist um umhverfislegan ávinningi þess að nýta innlent, hreint og endurnýjanlegt eldsneyti í stað þess að brenna innflutt jarðefnaeldsneyti. Þar fyrir utan hefur staða efnahagslífsins og þróun kaupmáttar almennings í landinu gert það að verkum að hinn mikli og margþætti efnahagslegi ávinningur, samfara aukinni notkun og framleiðslu á íslensku metani, hefur náð til þjóðarinnar með nýjum og kröftugum hætti.

Á vegferð aukinnar metanframleiðslu í landinu er mikilvægt að til staðar sé vettvangur fyrir áreiðanlega upplýsingagjöf fyrir smærri sem stærri framleiðendur og samstilling sé góð milli framboðs og nýtingar á eldsneyti. Ef vel á til að takast um framvindu metanvæðingarinnar þarf þjóðin að stíga markviss skref að skilgreindu markí undir samfélagslega ábyrgri fararstjórn.

Metan hf og eigendur félagsins hafa unnið að þróun metanframleiðslu í landinu frá árinu 1999 og átt gott samstarf við innlenda sem erlenda aðila í þeim efnum. Rannsóknarvinnu af ýmsum toga hefur miðað vel ef mið er tekið af því takmarkaða fjármagni sem unnt hefur verið að ráðstafa í þeim efnum. Gjörbreytt staða eftirspurnar eftir íslensku metani á skömmum tíma kallar á skjót viðbrögð, að unnt verði að stórauka og hraða rannsóknum og skapa víðtæka samstöðu meðal atvinnulífsins, sveitarfélaga, ríkisins og almennings um stórauðna framleiðslu, enda til mikils að vinna fyrir samfélag okkar í dag, umhverfið og komandi kynslóðir. Metan hf. ásamt eigendum sínum, hefur 10 ára reynslu í framleiðslu metaneldsneytis, markaðs- og þróunarvinnu sem einstök er á Íslandi. Þrátt fyrir mótvind nær allan þann tíma sem verkefnið hefur staðið hefur með þrautseigju og útsjónarsemi tekist að komast þangað sem við eru stödd í dag. Metan hf. getur og mun leiða metanþróunina næstu 10 árin, byggt á þeirri einstöku reynslu sem fyrirtækið býr yfir.

f.h. Metan hf.
virðingarfyllt,

Björn H. Halldórsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 139/1714
komudagur 15.3.2011

Nefndasvið
Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK


Garðabær, 14. mars 2011
2011020032/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um metnaframléiðslu


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um ríkisstjórnin beiti sér fyrir aukinni og markvissari metanframléiðslu.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir að ástæða er til að skoða með markvissari hætti að nýta betur allt metan sem fellur til á Íslandi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 139/1710
komudagur 15. 3. 2011

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT


NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK


SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 15. mars 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Neytendasamtökin fagna framkominni þingsályktunartillögu enda æskilegt að stuðlað sé að aukinni og markvissri metanframleiðslu enda slíkt æskilegt til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni sjálfbærni í orkumálum.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2011
Tilvísun: 2011020017/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni umræddrar tillögu til þingsályktunar og fagnar almennt þeim áhuga sem framleiðslu og nýtingu innlands eldsneytis er sýndur. Hins vegar vill Orkustofnun koma á framfæri einstaka athugasemdum varðandi umrædda þingsályktunartillögu.

Í fyrsta lagi bendir Orkustofnun á að nú þegar er til umfjöllunar hjá Alþingi tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál, þar sem lagt er til að Alþingi feli iðnaðarráðherra að vinna að því að minnka hlut jarðefnaeldsneytis í samgöngum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkusparnaði. Þá skal samkvæmt tillögunni stefnt að orkuskiptum í samgöngum þar sem jarðefnaeldsneyti verði leyst af hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Að mati Orkustofnunar er hér um að ræða tvær tillögur til þingsályktunar sem stefna að sama markmiði, þ.e. að auka hlut innlands eldsneytis hér á landi. Í ljósi þessa telur Orkustofnun óheppilegt að með þessum hætti sé verið að fjalla um þetta brýna hagsmunamál á tveimur sviðum í stað þess að fjalla um það með einum heildstæðum hætti.

Í öðru lagi telur Orkustofnun að gert sé upp á milli tæknilausna með því að einblína um of á eina einstaka afurð innlands eldsneytis, þ.e. metan. Orkustofnun telur því heppilegra að hér á landi verði stuðlað að aukinni og markvissri eldsneytisframleiðslu og þannig leitast eftir aukinni framleiðslu á innlendu eldsneyti óháð því hvort um sé að ræða metan eða aðra annarra innlendra og endurnýjanlegra orkugjafa.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki frekari athugasemdir um framangreinda tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 139/1494
komudagur 25.2.2011

24.2.2011

Iðnaðarnefnd

Samband sveitarfélaga á Austurlandi mun að svo komnu máli ekki veita umsögn um mál 251, en vísar þess í stað til hugsanlegrar umsagnar heildarsamtaka sveitarfélaganna í landinu.

Dandalakveðjur frá Djúpa.....
Björn Hafþór Guðmundsson,
firkvstj. SSA

Alþingi
Erindi nr. P 139/1700
komudagur 15.3.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. mars 2011

Efni: Tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál. Í henni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu og að marka heildstæða stefnu um nýtingu metans og að taka höndum saman við hagsmunaaðila um rannsóknir, fjármögnun og framvindu hagfelldra kosta við metanframleiðslu.

Í umsögn sinni um þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra um orkuskipti í samgöngum bentu Samtök atvinnulífsins m.a. á mikilvægi þess að gætt verði að hagkvæmni og samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs við undirbúning orkuskipta í samgöngum. Telja samtökin engin ástæða til að samþykkja í þingsályktun að ákveða að hefja hér á landi „framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum“ án þess að sett séu skilyrði um að framleiðslan sé samkeppnishæf.

Samtök atvinnulífsins eru fylgjandi því að kannaðar séu leiðir til framleiðslu á endurnýjanlegum orkugjöfum, þ. á m. metanframleiðslu. Samtökin telja hins vegar að ofangreind tillaga bæti litlu við tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, sem liggur fyrir þinginu. Þá benda samtökin á að stjórnvöld hafa í undirbúningi heildstæða orkustefnu fyrir Ísland, þar sem ítarlega er m.a. fjallað um framleiðslu endurnýjanlegra orkugjafa.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1699
komudagur 14.3.2011



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 14. mars 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál

Samtök iðnaðarins eru sammála flutningsmönnum tillögunnar um að áhugavert sé að auka metanframleiðslu hérlendis. Fjöldi fyrirtækja hefur öðlast þekkingu og reynslu á þessu sviði og tækifæri til tækniþróunar eru fjölmörg. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið í bæði loftslagsmálum og úrgangsmálum sem þetta verkefni getur stutt við.

Samtökin hafa á undanförunum mánuðum fengið til umsagnar frá Alþingi og stjórnarsýslu fjölmargar tillögur sem beinast í þessa átt. Meðal annars tillögu til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum, 403. mál, en mikill samhljómur er með þessum tveimur tillögum nema að sú síðarnefnda fjallar um endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum almennt og er mun ítarlegri en sú sem hér er lögð fram. Segja má að sú tillaga feli í sér þá tillögu sem hér er til umsagnar.

Umsagnaraðilar telja að rétt sé að beina kröftunum ekki í of margar áttir. Heillavænlegra er að fókusera og horfa á málin heildstætt, vanda undirbúning og horfa til reynslu annarra þjóða. Því er beint til nefndarinnar að skoða þessa þingsályktunartillögu með 403. máli.


Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála

Alþingi
Erindi nr. P 139/1751
komudagur 17.3.2011

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvið@althingi.is
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

Reykjavík 17.mars 2011

VARÐAR: UMSÖGN UM ÞINGSÁLYKTUN UM METANFRAMLEIÐSLU, 251. MÁL

Ósk um umsögn frá SORPU bs. barst í tölvupósti dags. 22. febrúar 2011 frá nefndarsviði Alþingis að beiðni iðnaðarnefndar. Skilafrestur fékkst framlengdur til föstudagsins 18. mars, skv. tölvuskeyti þann 15. mars. Um er að ræða umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Tillaga sú að þingsályktun sem hér um ræðir er mikið þjóðþrifaverkefni að mati umsagnaraðila. SORPA bs. ásamt Metan hf.¹ hefur allt frá árinu 1999 unnið að þróun, markaðssetningu og kynningu á tækifærum til að framleiða og nýta íslenskt metaneldsneyti í samgöngum eða í öðrum tilgangi þar sem skipt væri út jarðefnaeldsneyti fyrir alíslenskt umhverfisvænt eldsneyti. Kolefnisspor samgangna hér á landi mundu batna til mikilla muna við slíka breytingu og setja Ísland í fremstu röð þjóða hvað varðar umhverfismál samgangna. Möguleikar á framleiðslu metans eru fjölmargir en betur þarf að skoða ýmsa umhverfis- og efnahagsþætti áður en hægt er að fullyrða um hvar eða hvernig möguleikar verða best nýttir. Mikilvægt er að jafn stórt verkefni og hér um ræðir sé vel undirbúið og samstarf ríkis og sveitarfélaga sé náði um þetta verkefni – sérstaklega í ljósi þess að t.d. úrgangsmál og skipulagsmál eru alfarið á hendi sveitarfélaganna. Tryggja þarf að upplýsingagjöf og fræðsla sé í takt við raunveruleikann og búi ekki til væntingar um breytingar sem ekki getur orðið af. Til mikils að vinna fyrir samfélagið, umhverfið og komandi kynslóðir að orkukerfisskipti í samgöngum skili því sem til er ætlast.

Aukin framleiðsla á íslensku metani

Þökk sé árangursríku og þrotlausu frumkvöðlastarfi SORPU bs. og annarra eigenda Metan hf., hefur framboð á íslensku metani verið tryggt á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin 10 ár og því verið unnt að anna þeirri aukningu í eftirspurn sem orðið hefur á síðustu misserum. Hugvit og reynsla starfsmanna SORPU hefur m.a. nýst við uppbyggingu hauggashreinsistöðvar í Álfsnesi sem er alfarið íslensk hugsmíð og íslenskt handverk. Stöðin var gangsett árið 2006 og hafa reksturinn gengið nánast óaðfinnanlega.

Fyrirsjáanlegt þykir að allt það íslenska metan² sem framleitt er í landinu að óbreyttu, verði fullnýtt innan fárra ára. Það metan sem framleitt er í dag á Íslandi, er allt framleitt af SORPU bs., af urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi. Augljóslega er sú uppspretta úr urðunarstaðnum á Álfsnesi takmörkuð og getur ekki uppfyllt þarfir allra ökutækja, hvorki á höfuðborgarsvæðinu eða landinu öllu. Nauðsynlegt er því að leyta nýrra og hagkvæmra leiða við framleiðslu á metani og þannig tryggja að framboð og eftirspurn eftir metani haldist í hendur. Starfsmenn SORPU bs. búa yfir mikilvægri reynslu sem hægt er að nýta við frekari uppbyggingu metanvæðingar á Íslandi.

¹ Metan hf. er dótturfyrirtæki SORPU bs, Orkuveitu Reykjavíkur, N1 og REI

² Það metan sem framleitt er í dag á Íslandi (mars 2011) er allt framleitt af SORPU á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins á Álfsnesi

Sveitarfélögin á suðvesturhorni landsins hafa samþykkt og staðfest sk. „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs“³ en í megin dráttum fjallar áætlunin um hvernig draga skal úr urðun á lífrænum úrgangi, að kröfu löggjafans. Í nefndri áætlun eru fyrirætlanir sveitarfélaganna um byggingu gasgerðarstöðva þar sem lífrænum úrgangi verður breytt í hauggas (e. biogas) og hreinsað í metan. Fjárfestingar í slíkum stöðvum er hins vegar mikil og mikilvægt að tryggt sé að efni sem ætað er til vinnslu skili sér þegar upp er staðið. Slíkar stöðvar geta unnið úr lífrænum eldhúsúrgangi, lífrænum úrgangi frá landbúnaði og frá sjávarútvegi. Framleiðsla úr úrgangi er þó ekki bundinn við slíkan „fastan“ úrgang heldur má framleiða metan úr ýmsum fljótandi úrgangi t.d. skólpi⁴.

Metanvinnslu eru ekki takmörk sett með vinnslu úr úrgangi. Rækta má lífmassa, bæði á landi og í legi sem síðan má framleiða metan úr. Lauslegir útreikningar sýna að líklega má framleiða nægjanlegt metan á allan bílafloða landsmanna með framleiðslu lífmassa (e. biomass)⁵. Í samstarfsverkefni SORPU bs., Metan hf., Mannvits hf og Landbúnaðarháskóla Íslands hafa undanfarin ár farið fram rannsóknir og kannanir á þessu sviði. M.a. hefur verið kortlagt hvar heppilegt „óræktarland“ gæti hentað slíkri framleiðslu. Annað samstarfsverkefni sem SORPA bs tekur þátt í er „Öndvegisverkefni um lífheldsneyti“ í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð, Mannvit, Prokaria (MATÍS) og Landbúnaðarháskólann þar sem m.a. er verið að skoða hve mikið magn fellur til af efni sem hægt er að nota til metangerðar. Nauðsynlegt er þó að skoða þetta betur. Framleiðsla á metani úr lífmassa er mjög ákjósanlegur kostur en er hins vegar utan skilgreinds starfssviðs SORPU bs. Reynsla og sérþekking SORPU á framleiðslu metaneldsneytis getur hins vegar nýst við áframhaldandi metanuppbyggingu í landinu hvort sem það er unnið úr úrgangi eða ræktuðum lífmassa.

Lokaorð

SORPA bs. hóf söfnun á hauggasi á urðunarstaðnum á Álfsnesi þegar árið 1996 og árið 2000 var fyrsta hreinsistöðin fyrir metan komið á laggirnar. Fyrstu ökutækin, 17 talsins, voru síðan flutt til landsins árið 2001. Þróunin hefur verið hæg og miklu mun hægari en gera hefði mátt ráð fyrir. Því miður hafa yfirvöld sýnt verkefninu mikið fálæti þar til á síðasta ári þegar lögum um vörugjöld var breytt þannig að metan sem ökutækjaeldsneyti er mjög ákjósanlegur kostur fyrir neytendur. Með þingsályktunartillögu þessari er metanvæðingin tekin einu skrefi lengra og er það mikið fagnaðarefni.

f.h. SORPU bs.
virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

³ Sjá www.samtlausn.is

⁴ Erlendis er metangerjun eðlilegur og sjálfsagður hluti hreinsunar á skólpi, sjá t.d. Stockholm Vatten, www.stockholmwater.se

⁵ Sjá grein framkvæmdastj. Metan hf. í Morgunblaðinu 26. júní 2008

Alþingi
Erindi nr. P 139/1726
komudagur 16. 3. 2011

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2011
Tilvísun: UST20110200145/sdk

Tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu.


Með tölvupósti, dags. 22. febrúar sl., sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.


Tillagan felur í sér að stjórnvöld móti heildstæða stefnu um nýtingu metans og beita sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu í landinu með því að kortleggja kosti og leiðarval við slíka aukningu.

Umhverfisstofnun fagnar því að stjórnvöld taki forystu varðandi metanvæðingu hér á landi. Aukin metanvæðing í samgöngum dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda af jarðefnauppruna og dregur úr innflutningi á eldsneyti til landsins sem fellur vel að umhverfissjónarmiðum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að litið sé til umhverfissjónarmiða við mat á þeim kostum og leiðum sem kortlagðir verða til aukningar á metanframleiðslu hér á landi. Aukning á metanframleiðslu er til þess fallin að styrkja umhverfisvernd, sjálfbæra nýtingu auðlinda og vistvæna tækniþróun. Ríkið hefur komið til móts við metanvæðingu hér á landi að nokkru leyti, svo sem með niðurfellingu vörugjalda af nýjum bílum sem nýta bæði bensín og metan. Umhverfisstofnun telur það mikilvægt að stjórnvöld komi einnig að stefnumótun að því er varðar aðgengi að metani hér á landi og þá að horft verði sér í lagi til þess að notkun á þess í stað bensíns verði raunverulegur kostur fyrir alla landsmenn. Með umhverfissjónarmið að leiðarljósi getur aukning á metanframleiðslu falið í sér aukningu á grænum störfum ásamt því að draga úr flutningi á eldsneyti milli landshluta. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfissjónarmið jafnt sem hagkvæmnissjónarmið verði höfð til hliðsjónar verði ráðist í slíka stefnumótun og hugsanlega aðgerðaráætlun í kjölfarið.

Má í þessu samhengi benda á 2. másl. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, en þar segir að kröfur um umhverfisvernd skuli vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum. Umhverfisstofnun telur að stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda til aukningar metanframleiðslu hér á landi hafi tengingu við aðrar áætlanir í umhverfismálum, svo sem landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllt


Svanfríður Dóra Karlsdóttir
Lögfræðingur


Kristján Geirsson
Deildarstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1625
komudagur 9.3.2011

Nefndasvið Alþingis

Varðandi þingskjal 282; 251. mál

Tillaga til þingsályktunar um metanframleiðslu

Umsögn Valorku ehf

Valorka ehf fagnar hverju skrefi sem tekið er til umbóta og framfara í orkunotkun og orkuframleiðslu Íslendinga. Ef vel tekst til um framkvæmd gæti þessi tillaga orðið hænufer í þá átt að losa þjóðina undan oki eldsneytisinnflutnings til samgangna og atvinnureksturs. Valorka ehf leggur ekki dóm á hagnýtt eða efnahagslegt gildi þeirra orkumiðilsbreytinga sem hér eru lagðar til, enda eru þær að mestu utan starfs- og þekkingarsviðs fyrirtækisins, en leggur áherslu á að hér er einungis um lítið skref að ræða í þeim umbótum sem nauðsynlegt er að gera á stöðnuðu sviði íslenskra orkumála. Eitt mesta hagsmunamál næstu kynslóða er að geta nýtt mestu, hreinustu og tryggustu orkuauðlind landsins, sem er sjávarfallaorkan. Enn skortir stefnumörkun stjórnvalda og rannsóknir á því sviði. Því er tekið undir þau orð í athugasemdakafla umræddrar þingsályktunartillögu að það sé „skylda stjórnvalda að hlúa að þeim tækifærum sem þjóðin á“. Verður því að vænta að fljótlega komi fram tillögur til framfara á fleiri sviðum orkumála.

Ásbrú 08.03.2011

Valorka ehf
Valdimar Össurason

Alþingi
Erindi nr. P 139/1574
komudagur 4. 3. 2011



Nefndasvið Alþingis, iðnaðarnefnd
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 2011

Tilvísun: 2011020036

HrH/EBj/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 22.02.2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu, 251. mál.

Vegagerðin tekur undir tillögu til þingsályktunar um metanframleiðslu á Íslandi, sem lögð var fram á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 282 – 251. mál.

Vegagerðin bendir jafnframt á að markaðar tekjur til vegagerðar í dag byggjast einkum á bensín- og olúgjaldi. Með vaxandi fjölda ökutækja sem nota aðra orkugjafa en bensín og dísilolíu og með sparneytnari hefðbundnum bíl vélum hafa tekjustofnar Vegagerðarinnar skerast til muna á undanförunum árum. Með vaxandi notkun metans til að knýja bifreiðar í framtíðinni munu tekjustofnarnir skerðast enn frekar. Ber því brýna nauðsyn til að tekjustofnar til vegagerðar verði endurskoðaðir frá grunni hið fyrsta með það að leiðarljósi að jafnræði verði komið á varðandi greiðslur bíleigenda fyrir afnot af vegakerfinu, óháð orkugjafa.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.